

37. starfsár 2010—2011

KAMMERSVEIT

REYKJAVÍKUR






Ný stjórn Kammersveitar Reykjavíkur:
Guðrún Hrund Harðardóttir, Matthías Birgir Nardeau,
Richard Korn og Una Sveinbjarnardóttir

Njótið tónlistarinnar í vetur!

Guðrún Hrund Harðardóttir
framkvæmdastjóri

Kammersveit Reykjavíkur hefur verið til síðan ég man eftir mér, enda erum við jafngamlar. Fyrstu Kammersveitartónleikarnir sem ég man eftir að hafa verið viðstödd voru tónleikar í sal Menntaskólans í Hamrahlíð. Ég var barn að aldri, sat við hliðina á frænku minni litlu eldri, og við vorum í hláturskasti þó við reyndum að bæla niður hláturinn og haga okkur vel. En okkur þótti tónlistin svo óhemjulega kostuleg og hljóðin sem söngkonan og hljóðfæraleikararnir gáfu frá sér svo skrítnin. Nú er mér ljóst að þetta voru merkir tónleikar, þar sem Rut Magnússon og hópur framsækinna tónlistarmanna sem kenndu sig við Kammersveit Reykjavíkur fluttu tímamótaverk Arnolds Schönberg, Pierrot lunaire, í fyrsta skipti á Íslandi. Nú er mér ljóst hve mikilvægan þátt Kammersveit Reykjavíkur hefur skipað í íslensku tónlistarlífi í 36 ár. Og ég er stolt yfir að hafa verið treyst til að halda nafni hennar á lofti og leggja mitt af mörkum til að framsæknir tónlistarmenn fái enn að auðga íslenskt tónlistarlíf með metnaðarfullum tónleikum. Njótið tónlistarinnar í vetur!



Börnum á aldrinum 8 til 12 ára er boðið að taka þátt í námskeiði sem Kammersveit Reykjavíkur stendur fyrir í Þjóðmenningarhúsinu helgina 16. – 17. október. Börnin bregða sér í hlutverk tónskálds og semja nýja tóna og nýja hljóma fyrir kammersveit sem óma fyrst á tónleikum sunnudaginn 17. október.

Undir handleiðslu Guðrúnar Hrundar Harðardóttur, víóluleikara, og Inga Gardars Erlendssonar, tónskálds, kynnst börnin hljómi og eiginleikum einstakra hljóðfæra betur og velja sér hljóðfæri til að skrifa fyrir. Þau fylgjast svo með æfingum og komast að raun um hvort skrifaðar nótur þeirra hljóma líkt og þau ímynda sér. Þau fylgjast líka með almennum undirbúningi tónleikanna; hvað þarf að gera til að tónleikarnir geti orðið að veruleika og foreldrar og vinir ungu tónskáldanna geti komið og notið þess að hlusta. Á tónleikunum fer Kammersveitin í óvissuferð með hlustendum um gamla og nýja hljóðheima, en hápunkturinn verður væntanlega frumflutningur á verki barnanna.

Óvissuferð um hljóðheima Kammersveitar

Fjölskyldutónleikar í Þjóðmenningarhúsinu
sunnudaginn 17. október 2010 kl. 16

Námskeið fyrir ung tónskáld
helgina 16. – 17. október 2010

Námskeiðið fer fram laugardaginn 16. október kl. 11 - 14
og sunnudaginn 17. október kl. 14 - 16 og endar með
fjölskyldutónleikum sem hefjast kl. 16.

Námskeiðsgjald er kr. 5.000, skráning á kammersveit@gmail.com.

Una Sveinbjarnardóttir, fiðla
Pálína Árnadóttir, fiðla
Guðrún Hrund Harðardóttir, víola
Hrafnkell Orri Egilsson, selló
Richard Korn, kontrabassi
Melkorka Ólafsdóttir, flauta
Matthías Birgir Nardeau, enskt horn/óbó
Ingi Garðar Erlendsson, tónskáld



Hér fær Una Sveinbjarnardóttir, konsertmeistari Kammerseitarinnar, frjálssar hendur eina kvöldstund. Hún hefur fengið píanóleikarann Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur til liðs við sig og bjóða þær gestum Kammerseitarinnar að hlýða á spennandi efnisskrá. Með orðum Unu sjálfar: „Þetta er afar nostalgískt prógramm, og í aðra röndina helgað fiðlusnillingnum David Oistrakh, en Sjostakóvitsj skrifaði sönötuna fyrir hann þegar hann varð sextugur.“

Einleikarar úr röðum Kammersveitar fá frjálsar hendur

Djöflatrilla, hugleiðsla og sjálfur Sjostakóvitsj!

Tónleikar á Kjarvalsstöðum

miðvikudagskvöldið 17. nóvember kl. 20

Giuseppe Tartini (1692-1770)	Sónata í g moll, Djöflatrillan
Alexander Glasúnov (1865-1936)	Meditation op.32
Igor Stravinskíj (1882-1971)	Berceuse úr Eldfuglinum
Jules Massenet (1842-1912)	Meditation úr óperunni Thaïs
Dimitri Sjostakóvitsj (1906-1975)	Sónata opus 134 fyrir fiðlu og píanó

Una Sveinbjarnardóttir, fiðla

Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó

Hrafnkell Orri Egilsson, selló



Langt fram eftir 19. öldinni var það Carl Philipp Emanuel sem fólk hafði í huga þegar nafnið Bach bar á góma, en ekki faðir hans, Johann Sebastian, sem okkar samtíð þekkir mun betur. Bach-fjölskyldan státaði reyndar af tónskáldum í marga ættliði og fjórir af sonum Johanns Sebastians fetuðu í fótspor hans og sömdu tónlist. Carl Philipp Emanuel naut handleiðslu föður síns og var einnig svo lánsamur að eiga góðan guðföður, tónskáldið Georg Friedrich Telemann. Wolfgang Amadeus Mozart kynntist verkum Carls Philipps Emanuels og fullur aðdáunar lét hann þessi orð falla: „Hann er faðirinn, við erum börnin.“



Kammersveitin kynnir Bach-soninn Carl Philipp Emanuel



„Hann er faðirinn, við erum börnin“

Jólatónleikar í Áskirkju

sunnudaginn 19. desember 2010 kl. 17

Carl Philipp Emanuel Bach (1714-1788)

Sinfónía í Es-dúr Wq. 179

Flautukonsert í G-dúr Wq. 169

Sellókonsert í A-dúr Wq. 172

Sinfónía í D-dúr Wq. 183,1

Einleikarar:

Margrét Árnadóttir, selló

Melkorka Ólafsdóttir, flauta

Leiðarar:

Javier Núñez, semball

Una Sveinbjarnardóttir, konsertmeistari



Kammersveit Reykjavíkur er stolt af því að hafa tekið þátt í Myrkum músíkdögum allt frá fyrstu hátíðinni árið 1980. Á þeim vettvangi hafa fjölmörg íslensk tónverk verið frumflutt en jafnframt hafa mikilvæg erlend verk verið kynnt fyrir íslenskum hlustendum. Á Myrkum músíkdögum 2011 teflir Kammersveitin fram fullskipaðri strengjasveit, sem tónskáldin nýta sér á ólíkan hátt. Skyldi „Verklärte Nacht“ Schönbergs hljóma sem gamall slagari í þessu samhengi?

Stjórnandi:

Petri Sakari

Einleikur / einsöngur:

Tinna Þorsteinsdóttir, píanó

Jóhann Smári Sævarsson, barítón

Íslenski saxófónkvartettinn: Vigdís Klara Aradóttir, sópran-saxófónn,
Sigurður Flosason, alt-saxófónn,
Peter Tompkins, tenór-saxófónn,
Guido Baumer, barítón-saxófónn

„Spenna og eftirvænting, upplifun, upplyfting, ljós í myrkri.“

Myrkir músíkdagar

Tónleikar á Listasafni Íslands

sunnudagskvöldið 30. janúar kl. 20

Hlynur A. Vilmarsson (f. 1976)

Nýtt verk fyrir píanó og strengjasveit, frumflutningur

Sigurður Sævarsson (f. 1963)

Kvæði fyrir barítón og strengjasveit,
við ljóð Snorra Hjartarsonar, frumflutningur

Áskell Másson (f. 1953)

Quatrain fyrir saxófónkvartett,
strengjasveit og slagverk, frumflutningur á Íslandi

Arnold Schönberg (1874-1951)

Verklärte Nacht op. 4 fyrir strengjasveit



Síðastliðið sumar þáði Kammersveitin boð Alfredo Oyaguez um að leika á tvennum tónleikum á tónlistarhátíðinni sem hann stýrir á Mallorca, Festival Internacional de Musica de Deia. Samstarfið var hið ánægjulegasta og er það Kammersveitinni gleðiefni að geta nú boðið Alfredo velkominn til Íslands. Heiðríkjan í hinum ástsæla Silungakvintett Schuberts og suðrænt sólskinið í tónlist spænska tónskáldsins Turina mun vafalaust ylja tónleikagestum okkar á íslensku vetrarkvöldi.

Nautabani og syngjandi silungur

Tónleikar á Kjarvalsstöðum

15. febrúar 2011 kl. 20

Joaquín Turina (1882-1949)

Bæn nautabanans (La Oración del Torero) fyrir strengjakvintett
Píanókvartett í a-moll op. 67

Franz Schubert (1797-1828)

Silungakvintettinn í A-dúr op. 114

Alfredo Oyaguez, píanó

Una Sveinbjarnardóttir, fiðla

Rut Ingólfssdóttir, fiðla

Þórunn Ósk Marinósdóttir, víóla

Sigurgeir Agnarsson, selló

Richard Korn, kontrabassi



„Af jarðarinnar hálfu byrja allir dagar fallega“

Listahátíð í Reykjavík

Tónleikar í Hallgrímskirkju laugardaginn 4. júní kl. 17

Haukur Tómasson (f. 1960)

FLÉTTA fyrir kór og hljómsveit, frumflutningur

Kammersveit Reykjavíkur ásamt

Schola cantorum

Mótettukór Hallgrímskirkju

Stjórnandi:

Hörður Áskelsson

FLÉTTA er samið fyrir tvo kóra Hallgrímskirkju, Mótettukórinn og Schola cantorum og 16 manna kammersveit. Tónskáldið segir um verk sitt: „Textinn er samsettur úr ljóðum og ljóðabrotum nokkurra íslenskra skálda á ýmsum aldri, frá Snorra Hjartarsyni til Sjóns.

FLÉTTA fjallar um ægifegurð náttúrunnar, tengsl okkar við hana og ábyrgð okkar á henni. Ljóðin spanna allt frá lofsöng um vorið og yfir í ljótleika, auðn og eyðileggingu, og tónlistin frá voldugum kórköflum yfir í málmennt skrap slagverkshljóðfæra. Um leið er þetta ferðalag gegnum árstíðirnar.“

Kammersveit Reykjavíkur er styrkt af
Menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg.



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Stjórn og verkefnavalsnefnd

Guðrún Hrund Harðardóttir, framkvæmdastjóri

Matthías Birgir Nardeau

Richard Korn

Una Sveinbjarnardóttir

Heiðursforseti

Rut Ingólfssdóttir

Við hvetjum þá sem áhuga hafa á að fylgjast með viðburðum
Kammersveitar Reykjavíkur að skrá sig á póstlista með því að
senda tölvupóst á kammersveit@gmail.com,
eða að gerast vinir okkar á [facebook](https://www.facebook.com/kammersveit).